

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.**

Árið 2024, þriðjudaginn 8. október kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1178. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Kristín Björg I. Sverrisdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Arnarholt - USK24100011  
Sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á núverandi hús auk þess að byggja hjóla-, vagna-, og sorpgeymslu á lóðina Arnarholt.  
Stækkun: xx ferm og xx rúmm.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Austurstræti 10A - USK24090156  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti á 2. hæð á lóð nr. 10a við Austurstræti.

Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
3. Ármúli 38 - USK24060289  
Sótt er um leyfi til að breyta 2. hæð í mhl. 03 frá atvinnuhúsnæði í íbúðir og byggja svalir á austurhluta húss á lóð nr. 38 við Ármúla.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 23. apríl og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024 þar sem gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Frestað.  
Vísað til athugasemda og í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3 október 2024.
4. Bankastræti 12 - USK24090313  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti á 1. og 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Bankastræti .

Frestað.  
Vísað til athugasemda.
5. Borgartún 30 - USK24090376  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060058 og koma fyrir loftræsítuðum af þaki, setja rennihurðir út á þaksvalir og fjarlægja eina snyrtingu á 7. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 30 við Borgartún.  
Erindi fylgir samþykki nokkurra meðeigenda dags. 15. apríl 2024 og yfirlit breytinga,

Frestað.  
Vísað til athugasemda.
6. Boðagrandi 9 - USK24090375

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050320 þannig að vegna lekavandamála verður byggt risþak á viðbyggingu við leikskóla á lóð nr. 9 við Boðagrandu.  
Erindi fylgir greinargerð og yfirlit breytinga dags. 16. september 2024 og minnisblöð frá Eflu varðandi endurbætur dags. 21. ágúst 2024 og varðandi lofthæðir dags. 28. júní 2024.

Stækkun: xx rúmm.

Frestað.

Lagfæra skráningu.

7. Dúfnahólar 2 - USK24090311

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja eldri svalalokanir og breyta útliti svala með því að klæða svalir sléttri áklæðingu, og setja upp nýjar svalalokanir á fjölbýlishúsi við Dúfnahóla 2 og 4, mhl. 01, á lóð nr. 2-6 við Dúfnahóla.

Erindi fylgir yfirlýsing frá formanni húsfélags varðandi samþykki eigenda dags. 24. september 2024, fundargerð aðalfundar Húsfélagsins Dúfnahólum 2-4 dags. 18. júní 2024 og yfirlit breytinga ásamt ljósmyndum á afriti aðaluppdráttu samþykktum 11. apríl 1991.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Eiríksgata 13 - USK24090378

Sótt er um leyfi til að gera björgunarop úr kjallara og breyta skráningu íbúðar í gististað í flokki II, teg. ? í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Eiríksgötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Eyjarslóð 1 - USK24050177

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, rými 0201, koma fyrir tvennum svölum á suðurhlíð, breyta gluggasetningu, endurnýja þak og klæða að utan með dökkri áklæðingu suðurhluta vörugeymslu við Hólmaslóð 2A, mhl. 01, á lóð nr. 1 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á skönnuðu afriti skjals + Arkitekta nr. S1, dags. 8. september 2024 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 16. maí 2006.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

10. Ferjuvogur 2 - USK24090193

Sótt er um leyfi til að gera nýja milliveggi í tveimur skólastofum á 1. hæð í suðausturhorni Vogaskóla á lóð nr. 2 við Ferjuvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf umsækjanda og yfirlýsing hönnunarstjóra dags. 16. september 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Fossháls 13-15 - USK24090346

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070124 sem snýr að því að færa steiptan vegg út að lóðarmörkum á lóð nr. 13-15 við Fossháls.

Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. Freyjugata 16 - USK24090192  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

13. Gerðarbrunnur 9 - USK24090091  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK22122925 með síðari breytingu USK23100169 þannig að innra skipulagi er breytt, staðsetningu eldhúss og stofu er víxlað, gluggum breytt og þakkantur lengdur um 0.5m meðfram framhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Gerðarbrunn.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Gerðarbrunn 11 vegna frágangs á lóðarmörkum áritað á teikningu A001-AA dags. 5. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 28. nóvember 2023.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

14. Gufunesbryggja - Landfylling - Gámatjald/Gufunesbr. - USK24090080  
Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámatjöldum við Gufunesbryggju.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

15. Gylfaflöt 10 - USK24050393  
Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0101 og 0102 og innréttu sem líkamsræktarstöð með um 4-5 starfsmenn og rými fyrir um 30 gesti í iðnaðarhúsi á lóð nr. 10 við Gylfaflöt.  
Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa, og yfirlit breytinga byggð á skjáskotum af aðaluppdráttum.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

16. Hallgerðargata 13 - USK23090125  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055918 þannig að stígleiðsla á 6. hæð er færð í húsi á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Haukahlíð 2 - USK24100016  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061145 þannig að hljóðkröfum er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Haukahlíð.  
Erindi fylgir uppfærð greinargerð um hljóðvist frá Eflu dags. 1. október 2024.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

18. Heiðargerði 24 - USK24090335

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti, bæta við glugga á gaffli og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Heiðargerði.  
Stærð: 54,7 ferm., 162,3 rúmm.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Helluland 1 - USK24090377

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059290, innra skipulag er breytt sem og klæðning og þakgluggar viðbyggingar á raðhúsi á lóð nr. 1 við Helluland.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og stöðuúttekt dags. 24. september 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. Hjarðarhagi 13 - USK24060183

Sótt er um heimild til þess að breyta notkun bílskúrs í vinnustofu, fjarlægja bílskúrshurð og koma fyrir léttum vegg með glugga og hurð, koma fyrir vaski og útbúa snyrtingu í hluta bílskúrs, mhl. 71, á lóð fjölbýlishúss nr. 13 við Hjarðarhaga.  
Erindi fylgir samþykki tveggja meðlóðarhafa dags. 10. júní 2024 og yfirlit breytinga dags. 16. janúar 1958.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Hringbraut 121 - USK24090123

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040341 þannig að sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.  
Erindi fylgir Hljóðvistargreinagerð dags. 17. september 2024, brunvarnarskýrsla dags. 10. september 2024 og yfirlit breytinga dags. 12. janúar 2021.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

22. Hverfisgata 96 - USK23040208

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059394 þannig að opnun hurða á salernum er breytt, ofni fyrir bakvinnslu, háf fyrir ofan ofn, viðvörunarstöð, fatahengi, ræstirými og gufuháf bætt við á veitingastað á lóð nr. 96 við Hverfisgötu.

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

23. Háaleitisbraut 103 - USK24090175

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámi til að geyma búslóð meðan á endurnýjun stendur á lóð nr. 103 við Háaleitisbraut.  
Erindi fylgir samþykki húsfélaga Háaleitisbrautar 101 og 103 dags. 29. september 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

24. Hálsasel 27 - USK24100012

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070222 þannig að sótt er um leyfi til að hækka þakmæni á skólahúsnæði á lóð nr. 27 við Hálsasel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun:

Frestað.

Vísað til athugasemda.

25. Hólmaslóð olíustöð 1A - USK24090334

Sótt er um leyfi til að breyta bensínþró í tvær aðskilda þrær á lóð nr. 1A við Hólmaslóð.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

Ófullnægjandi gögn.

26. Jöfursbás 5, mhl. 01 - USK24050383

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060091 vegna lokaúttektar þannig að svalahandrið verða úr gleri, staðsetningu reyklúgu úr bílakjallara, hurðaopnunum og eldhúsum er breytt í fjölbýlishúsi nr. 5D, mhl. 01 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Jöfursbás 5, mhl. 04 - USK24090216

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059926 með því að skilja djúpgáma frá kjallaranum og gera að sér matshluta og breyta reyklosun úr bílakjallara, mhl. 04 á lóð nr. 5 við

Jöfursbás.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Jöfursbás 5B, mhl. 02 - USK24090214

Sótt er um leyfi til að breyta erindi breyta BN060023 vegna lokaúttektar með því að breyta skipulagi eldhúsa, koma fyrir nýjum lagnastokkum og breyta öllum handriðum í glerhandrið í fjölbýlishúsi nr. 5B, mhl. 02 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Jöfursbás 5C, mhl. 03 - USK24090215

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059868 vegna lokaúttektar með því að breyta skipulagi eldhúsa á efstu hæð og breyta svalahandriðum í glerhandrið á fjölbýlishúsi nr. 5C, mhl. 03 á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

30. Klettagarðar 12 - USK24090354

Sótt er um leyfi til að byggja milliloft í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Klettagarða. Erindi fylgir bréf frá skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2024. Stækkun: 498,6 ferm.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

31. Klettháls 13 - USK24090060

Sótt er um stöðuleyfi fyrir geymslutjaldi á lóð nr. 13 við Klettháls. Stærð: 195,2 ferm., 878,8 rúmm. Umsögn skipulagsfulltrúa dags 26. september 2024 fylgir erindi.

Synjað, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. september 2024.

32. Koparsléttu 20 - USK24090116

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN036191 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, svölum komið fyrir á austurhlíð og innkeyrsluhurð á suðurhlíð einnig hefur verið hætt er við byggingu spennustöðvar í norðurenda iðnaðarhúss á lóð nr. 20 við Koparsléttu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar vegna hönnuðaskipta dags. 2. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 30. október 2007.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Kuggavogur 26 - USK24090355

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057990 þannig að sótt er um heimild fyrir svalalokun í íbúð 0501 á lóð nr. 26 við Kuggavog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 2. maí 2023 og samþykki eiganda dags. 2. júní 2024.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

34. Köllunarklettsvegur 1 - USK24090344

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í Norðurenda 3. og 4. hæðar í mhl. 01 á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Frestað.

Vísað til athugasemda.

35. Lambhagavegur 12 - Breyttar eldvarnarmerkingar innanhúss. - USK24090062

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110263. sem snýr að því að eldvarnarhurð milli kaffistofu og þvottarýmis er fjarlægð í húsi á lóð nr. 12 við Lambhagaveg.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

36. Lambhagavegur 23 - USK24050294

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á lóð nr. 23 við Lambhagaveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. ágúst 2014.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

37. Laufásvegur 41 - USK24100031  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061726 vegna lokaúttektar þannig að hurðaopum er breytt í rými 0101 á gististað í flokki II tegund B í húsi á lóð nr. 41 við Laufásveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 13. desember 2022.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

38. Laugarásvegur 63 - USK24090041  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steiptum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.  
Erindi fylgir samþykki Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir hönd lóðar nr. 59 dags. 27. febrúar 2024.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa , dags 26. september 2024.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

39. Lindargata 2 - USK24090332  
Sótt er um leyfi til að endurnýja hurð með því að hafa aðgangsstýrða öryggishurð dómhúss hæstaréttar á lóð nr. 2 við Lindargötu.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Lofnarbrunnur 30 - USK24070125  
Sótt er um heimild til að byggja veggj úr steypu og timbri meðfram lóðarmörkum á lóð nr. 30 við Lofnarbrunn.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Lofnarbrunnur 46 - USK24090307  
Sótt er um leyfi til að byggja staðsteipt tvíbýlishús á lóð nr. 46 við Lofnarbrunn.  
Erindi fylgir hæðarblað 5.055.6 dags. febrúar 2011 mæliblað 5.055.6 dags. 10. júlí 2007, greinagerð hönnuðar dags. 20. september 2024, gátlisti og innra eftirlit hönnuðar dags. 20. september 2024.  
Stærð: 505,8 ferm., 1.632,3 rúmm.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

42. Miklabraut 100 - USK24090219  
Sótt er um leyfi til að byggja hleðslustöðvar og spennustöðvar á mhl. 02 og 03 á lóð nr. 100 við Miklubraut.  
Erindi fylgir mæliblað 1.720.2 dags. 3. febrúar 2010.  
Stærð, mhl 02: 7,5 ferm., 21,4 rúmm.  
Mhl. 03: 7,8 ferm., 22,4 rúmm.  
Samtals: 15,3 ferm., 43,8 rúmm.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Móvað 35 - USK24090191  
Sótt er um leyfi til þess breyta tilhögun á lóð, koma upp heitum potti og útisturtu og skjólveggjum, stækka og breyta lögun skyggna yfir bílskúr og inngangi, gera opið skýli framan við anddyrið og hjólaskýli við norðaustur hlið, og klæða að utan með málmklæðningu einbýlishús á lóð nr. 35 við Móvað.  
Erindi fylgja óstimplaðir aðaluppdrættir dags. 20. júlí 2007 og þrívíddarmyndir frá hönnuði til skýringa á breytingum.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

44. Réttarholtsvegur 21-2 - USK24080310  
Sótt er um leyfi til að endurnýja og breyta innra skipulagi í B-álmu Réttarholtsskóla á lóð nr. 21-23 við Réttarholtsveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. Réttarháls 2 - USK24070153  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð í rýmum 0201 og 0204, opna milli rýma í austurhluta hússins og breyta notkun úr hárgreiðslustofu yfir í funda- og kennslurými, auk þess sem vöruhúðum verður lokað og byggður veggur með einangrun og álklæðningu í húsi á lóð nr. 2 við Réttarháls.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

46. Samtún 16 - USK24070039  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, op í vegg og breyting á stiga í húsi á lóð nr. 16 við Samtún.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.  
Þar sem þinglýst eignaskiptayfirlýsing er fyrir á lóð þá öðlast samþykktin ekki gildi fyrr en ný eignaskiptayfirlýsing er þinglýst.

47. Sigtún 28 - USK24070115  
Sótt er um leyfi til að byggja níu hæða viðbyggingu með 140 herbergjum og breyta innra skipulagi fundarsala og þjónusturýmum og verða þannig 451 gistirými í Grand Hotel á lóð nr. 28 við Sigtún.  
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 5. júlí 2024, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 7. júlí 2024 og útreikningur á varmatapi ódagsett.



Stækkun: 12.136 ferm., 53.152,7 rúmm.  
Eftir stækkun: 31.608,3 ferm., 73.681,1 rúmm.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

48. Silfurslétta 2 - USK24090142  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060165 þannig að skráning er uppfærð, rýmisnúmerum er fækkað, innra skipulagi breytt sem og útiliti geymslu- og skrifstofuhúss, einnig er hætt við steypa stoðveggi á lóð nr. 2 við Silfursléttu. Minnkun: 0.8 ferm, 0.6 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 26. apríl 2022.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

49. Skólavörðustígur 37 - USK24090124  
Sótt er um leyfi til þess að breyta fjölga eignum og breyta notkun, síkka kjallara, innréttu veitingastað í flokki 2 tegund a fyrir 70 gest, þar af 52 í rými 0101 og 18 í rými 0203, innréttu 6 íbúðir, koma fyrir lyftu, síkka og breyta gluggum gera nýjar þakvalir og breyta þaki húss Hvítabandsins á lóð nr. 37 við Skólavörðustíg.  
Erindi fylgir minnisblað Lotu um íbúðir án svala dags. 27. september 2024, greinargerð VSÓ ráðgjafar um burðarvirki dags. 26. september 2024, greinargerð Myrru hljóðstofu um hljóðvist dags. 4. september 2024 og yfirlit yfir útlitsbreytingar á götuhliðum húss á afrita aðaluppdráttar samþykktum 2. febrúar 1933 og 13. október 1977.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

50. Stefnisvogur 1 - USK24070158  
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með 60 íbúðum, og bílageymslu fyrir 60 bíla í mhl. 01, 02, 03 og 04 á lóð nr. 1 við Stefnisvog.  
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.  
Stærð: 10.832,5 ferm., 26.113,6 rúmm.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

51. Sæmundargata 2 - USK24100015  
Sótt er um leyfi til að gera nýja skábraut við aðalinngang aðalbyggingar HÍ á lóð nr. 2 við Sæmundargötu.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

52. Síðumúli 15 - USK24080193  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi skrifstofurýma á 3. hæð í norðurenda húss á lóð nr. 15 við Síðumúla.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

53. Sólvallagata 68 - USK24090308  
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála, mhl. 04 á lóð nr. 68 við Sólvallagötu.  
Jafnframt er erindi BN060868 dregið til baka.  
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 28. mars 2022.  
Stærð 40 ferm. og 114,8 rúmm.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.  
Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto: eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is), um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

54. Urðarbrunnur 30 - USK24070074  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055356 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 30 við Urðarbrunn.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

55. Vatnsvv. Heimahvammur - Niðurrif - USK24090241  
Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01, 02 og 70 á lóðinni Heimahvammur við Vatnsveituveg Niðurrif fasteignanúmer F2044140:  
010101, einbýli: 78 ferm.,  
020101 bílskúr: 35,3 ferm.,  
700101 bílskúr: 34,8 ferm.  
Samtals niðurrif: 148,1 ferm.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

56. Vesturbrún 2 - USK24080228  
Sótt er um leyfi til að gera tvö bílastæði og byggja stakstæðan, staðsteyptan bílskúr, samsíða bílskúr á lóðarmörkum lóðar nr. 12 við Brúnaveg með aðkeyrslu frá Brúnavegi, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturbrún.  
Stærð: 42.1ferm., 127.0 rúmm.  
Sjá jafnframt erindi USK2301008 sem dregið hefur verið til baka.

57. Vesturgata 37 - USK24080136  
Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr bílageymslu í geymslu og áður gerðum innanhúss breytingum í húsi nr. 37 við Vesturgötu.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

58. Vorsabær 2 - USK24050088  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við hús á lóð nr. 2 við Vorsabæ.  
Stækkun 26 ferm. og 70 rúmm.  
Erindinu fylgir svar við fyrirspurn til skipulagsfulltrúa dags. 7. september 2023.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

59. Þönglabakki 6 - USK24090267  
Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0106, 0107 og 0108 og breyta innra skipulagi, og innréttu söluturn veitingastað í flokki 1 teg C, og spilasal í verslunar- og skrifstofuhúsi við Þönglabakka 6, mhl.07, á lóðinni Álfabakki12-16/Þönglab.  
Jafnframt er erindi USK23110229 dregið til baka.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

60. Öldugata 23 - USK24060207  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, koma fyrir framleiðslueldhúsi og vinnurými í tengslum við nýja kaffistofu á 1. hæð, og bæta flóttaleiðir með því að koma fyrir flóttastiga frá risi niður á svalir 2. hæðar og flóttastiga þaðan niður á bílastæði við suðurhlíð, einnig er gerð ný skábraut meðfram austurgafli skólahúss á lóð nr. 23 við Öldugötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 12. júní 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 28. júlí 1994.

Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

61. Leifsgata 24 - USK24020266  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 24 við Leifsgötu.  
Erindi fylgir íbúðarskoðun byggingarfulltrúa dags. 26. janúar 2007, samþykki meðlóðarhafa dags. 1. apríl 2007 og umboð eiganda einnig dags. 1. apríl 2007.

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

**Fundi slitið kl. 12:00**

Brynjar Þór Jónasson

Sigrún Reynisdóttir  
Sigurður Stefán Karlsson

Margrét Pálína Cassaro  
Kristín Björg I Sverrisdóttir